

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Borgarness nr. 92 27. maí 1971.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.26% af fasteignamati þeirra, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 1 000.00 af hverri íbúð.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarness, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

Nr. 58.

7. marz 1972.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kwst.mæli á kr. 10.45 á hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 4.40 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a) Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 3.50 á ferm. á mánuði.
- b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 1.80 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 2.53 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 21.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 7.20 hverja kwst. ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
 - a) Kr. 2.10 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - b) Kr. 2.97 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
 - c) Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

Aflgjald af notuðu afli kr. 2 877.00 á kwst. á ári.

Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.00 á kwst.